



18. mars 2010

SI-61859


Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@nefnasvid.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Með tölvupósti dags. 11. mars 2010 óskaði efnahags- og skattanefnd eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um 50% endurgreiðslu olíugjalds vegna olíu til vöruflutninga. 333. mál á 138. löggjafarþingi. Samkvæmt frumvarpinu yrðu endurgreidd 50% olíugjalds af olíu sem keypt er vegna farmflutninga í atvinnuskyni eða í eigin þágu skv. lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi, l. 73/2001.

Frumvarpið lýtur að álögum sem eru hlutfallslega miklar í afskekktum landshlutum, þar sem flutningskostnaður er stór hluti vöruverðs. Það er ekki á verksviði Seðlabankans að hlutast til um hvernig skattaálögum er dreift milli gjaldstofna eða gjaldenda. Hins vegar telur Seðlabankinn mikilvægt að jafnvægi náist í opinberum fjármálum eins fljótt og hægt er. Seðlabankinn leggur því áherslu á að eftirgjöf ríkistekna af ástæðum sem þessum þurfi að mæta með auknu aðhaldi annars staðar í ríkisbúskapnum. Bankinn tekur ekki afstöðu til málsins að öðru leyti.

Virðingarfyllst

SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur